

# Stríðsógningar

## Breiðdalsvík í síðari heimsstyrjöld



Breiðdalsvík á árum seinna stríðs, vettvangur mini-heimsstyrjaldar.

### Stríðið brýst út

Síðari heimsstyrjöldin braust út árið 1939 og nú kom sér vel að búa fjárrí hringiðu atburða. Einangrunin var þó ekki varanleg trygging; tíðar heimsóknir þýskra vísindamanna til landsins á undanförunum árum fylltu menn grunsemdum um að þar hefðu í raun verið njósnarar Hitlers á ferð að kanna aðstæður og undirbúa innrás þýska hersins.

Á Breiðdalsvík var rifjað upp að í júlí 1939 komu hingað með skipi þrjú Þjóðverjar með alls kyns tæki og tól og kváðust ætla að stunda náttúrurannsóknir. Bauð nú ýmsum í grun að áformin hefðu verið ónnur og vísast væru þeir búnir að koma fyrir sprengjum í klettunum.

Hinn 10. maí 1940 kom breskur her til Reykjavíkur og lagði undir sig landið á næstu vikum. Í desember var loks komið að hernámi Breiðdalsvíkur er þangað kom þríeyki úr breska sjóhernum. Breiðdalsvík varð þar með strandvarðstöð, ein af 40 vítt og breytt um landið. Strandverðirnir höfðu það hlutverk að fylgjast með skipa- og flugferðum.



Leik og athafnasvæði Breiðdalsvíkur um 1940.

Stríðsreksturinn varð áþreifanlegur á Breiðdalsvík þegar tundurdufl rak þar á land. Slík vígtól sprangu oft og þekkti fólk á staðnum orðið allt of vel dyninn í slíkri sprengju. Dæmi voru um að börn færu óvarlega að duflunum þegar þau rak á fjörunnar og drengur frá Streiti missti aðra höndina og sjónina þegar hvelhetta úr tundurdufli sprakk í höndum hans. Einnig var spýtnabrak oft að finna í fjörunum og fór þá hugarflug barnanna á kreik og þau mynduðu sér að barna færi brak úr skipi sem bedið hefði lægri hlut í orrustu.



Ranklin, Josh og Jeff, verndarvættir Breiðdalsvíkur 1940–1941. Þremmenningarnir komu sér vel við heimamenn og léku m.a. knattspyrnu við ungmennafélagsmenn.

### Jeff, Josh og Ranklin til bjargar

Hinar nýju landvættir Breiðdalsvíkur, Jeff, Josh og Ranklin, gáfu dag hvern rapport frá símtöðinni á Selnesi. Stóðu strákar þorpsins oft vörð og létu vita af bátsferðum – og fengu greitt í sælgæti.


Hermennirnir fengu til íbúðar hús sem hýsti sláturfólk í sláturtíð en hænur, hross, hey og alls konar skran þess á milli. Var það kallað Hótel Sukk en dátarnir nefndu það Hell's Kitchen því þar var nánast ólíft vegna óþefs og kæfandi hita frá kolaofni. Húsið var illa einangrað og loftræsting engin.

Hermennirnir höfðu ýmis samskipti við þorpsbúa og sumir höfðu raunar dálitlar tekjur af þjónustu við þá, t.d. við matsölu og fatabvotta. Sjóliðarnir kunnu líka vel að meta sérhvern vináttuvott sem heimamenn sýndu og stóðu með tárin í augunum þegar húsfreyjan á Selnesi færði þeim tertu á jóladag sem á stóð *Merry Christmas*.

Það voraði á ný og brátt tóku Bandaríkjamenn að sér varnir Íslands. Dag einn í júní 1941 kvöðdu þeir Jeff, Josh og Ranklin því kæra vini og velgjörðarmenn á Breiðdalsvík og héldu annað.



Fyrir framan „Hótel Sukk“ 1941.



Winston Churchill kallaði þessar langdrægu herflugvélar Bölvöld Atlantshafsins, undir það gátu Austfjörðingjar tekið en auk árásmanna á Breiðdalsvík sókktu Condorar olluskipinu *El Grillo* á Seyðisfirði í janúar 1944.

Íbúðarhúsið Hamri, fyrsta steinsteypa húsið á Breiðdalsvík, skotmark fólkslegrar skotárásar þýskrar herflugvélar í september 1942.



Fréttir af árásinni á Breiðdalsvík í september 1942. Hernaðaryfirvöld bönnuðu að greint yrði frá því opinberlega hvar þýska flugvélin bar niður og því er Breiðdalsvík aldrei nefnd í fréttinni.

### Váfugl á himni

Eftir að strandvarðstöðin lagðist af fór að bera meira á flugumferð yfir Breiðdalsvík og brátt fengu íbúarnir að kynna því að stríð er ekkert grín. Fimmfundaginn 10. september 1942 var kyrrðin allt í einu rofin, dynur utan úr fjarskanum varð að flugvél sem kom af hafi og dró svartar reykjarslæður á eftir sér. Brátt varð ljóst að um Focke-Wulf Fw 200 Condor var að ræða – semsé óvinur! Fyrst stefndi vélin inn Breiðdalinn en sneri við á móts við Heydali og tók kúrsinn yfir þorpið.

Flykkið kvaddi með gusu á Hamri aftur úr sér, þudraði á vitann á Kambanesi og trillubáta í grenndinni. Fólk fleygði sér til jarðar úti við eða faldi sig innandyrna, felmtrí slegið. Til allrar hamingju olli árásin engu slysi á fólk en meðal skemmda var nokkurt tjón á veiðarfærum trillubátanna og ófá kúlnagöt á íbúðarhúsunum Hamri og Ási. Á Hamri höfðu kúlurnar farið í gegnum tvöfaldan steinvegg og hafnað í hjónarúminu. Götin má skoða enn í dag og hugleiða um leið hryllilegan veruleika stríðsástands sem fólk um víða veröld má búa við.

Um leið hófst skothríðin úr vélbyssum, eins og úr vatnsbyssu væri. Þeir sem voru við bílinn hnipruðu sig undir bakka lækjarins. Ég hljóp austur fyrir húsið og að dyrum þess sem voru norðan megin. Þar fór ég inn og hnipraði mig niður á gólfid. Eg mætti móður minni, sem kom hljóðandi niður stigann, ásamt ömmu minni gamalli og lélegri til gangs. Þessi árás stóð í um tvær til þrjár mínútur.

Birgir Einarsson, sjónarvottur.

Breiðdalsvík á árum síðari heimsstyrjaldar.

